

Skýrsla stjórnar og flokksráðs 2007 - 2009



VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

EFNISYFIRLIT

STJÓRN OG VARASTJÓRN -----	3
FLOKKSRAÐ-----	3
STARFSFÓLK -----	4
SKRIFSTOFA VG - HÚSNÆÐI-----	4
STARFSHÓPAR INNAN VG -----	4
LANDSFUNDUR VG 2007-----	8
FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR -----	10
FJÁRMÁL OG FJÁRÖFLUN-----	10
ÚTGÁFUMÁL-----	10
SAMSTARF VIÐ FÉLÖG VG-----	10
ÁLYKTANIR FLOKKSRAÐS -----	11
SUMARFERÐIR -----	21
UNG VINSTRI GRÆN (UVG) -----	21
ELDRI VINSTRI GRÆN (EVG)-----	23
VINSTRI - GRÆN Á NETINU -----	23
KOSNINGAR -----	23
MÍDLÆG KJÖRSTJÓRN -----	24
RÍKISSTJÓRNARSAMSTARF -----	24

Drífa Snædal
tók skýrsluna saman í febrúar 2009

Vinstrihreyfingin - grænt framboð hélt fimmta landsfund sinn á Hótel Grand í Reykjavík 23. – 25. febrúar 2007. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir helstu þáttum í starfi flokksins á kjörtímabilinu sem nú er að ljúka.

Stjórn og varastjórn

Á landsfundinum í Reykjavík 2007 voru þessi kjörin í stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs:

Formaður	Steingrímur J. Sigfússon
Varaformaður	Katrín Jakobsdóttir
Ritari	Sóley Tómasdóttir
Gjaldkeri	Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Meðstjórnendur

Aðalmenn:	Svandís Svavarsdóttir
	Hlynur Hallsson
	Lilja Rafney Magnúsdóttir
	Bjarkey Gunnarsdóttir
	Árni Þór Sigurðsson
	Ólafur Þór Gunnarsson
	Gestur Svavarsson
Varamenn:	Ólafía Jakobsdóttir
	Guðmundur Ingi Guðbrandsson
	Auður Lilja Erlingsdóttir
	Guðmundur Magnússon

Á tímabilinu voru haldnir 23 stjórnarfundir.

Flokksráð

Flokksráð skipa stjórn flokksins, aðal- og varamenn, formenn svæðisfélaga, formenn kjördæmisráða, þingmenn og varaþingmenn flokksins, formaður UVG og 30 fulltrúar kjörnir á landsfundi. Fulltrúar í flokksráði kjörnir á landsfundi eru:

Sverrir Jakobsson	Dýrleif Skjöldal
Guðrún Jónsdóttir	Ólafur Þ. Jónsson
Toshiki Toma	Ragnar Óskarsson
Kristín Halldórsdóttir	Margrét Pétursdóttir
Ingibjörg Hjartardóttir	Ólöf Ríkharðsdóttir
Paul Nikolov	Sveinn Rúnar Hauksson
Ragnheiður Eiríksdóttir	Ingólfur Ásgeir Jóhannesson
Telma Magnúsdóttir	Þorsteinn Ólafsson
Einar Ólafsson	Guðbjörg Sveinsdóttir
Ragnar Stefánsson	Huginn Freyr Þorsteinsson
Stefanía Traustadóttir	Hjördís Garðarsdóttir
Þórunn Friðriksdóttir	Silja Bára Ómarsdóttir
Björn Valur Gíslason	Sigurlaug Konráðsdóttir
Hildur Traustadóttir	Hallur Gunnarsson

Á tímabilinu voru haldnir 6 flokksráðsfundir: 31. ágúst 2007, 22. – 23. febrúar 2008, 29. – 30. ágúst 2008, 10. október 2008 (opinn stjórnar- og flokksráðsfundur), 7. desember 2008 og 27. janúar 2009.

Starfsfólk

Drífa Snædal gegndi starfi framkvæmdastýru, fyrst fyrir bæði flokk og þingflokk en eftir kosningar 2007 einungis starfi framkvæmdastýru flokksins.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir tók til starfa sem framkvæmdastýra þingflokks Vinstri grænna eftir kosningarnar 2007.

Líkt og áður sá Valdimar Pétursson um að færa bókhaldið.

Huginn Freyr Þorsteinsson starfaði fyrir kosningar og var síðar ráðinn að hluta til sem starfsmaður flokksins á Akureyri

Í aðdraganda landsfundar og kosninga 2009 voru ráðin þau Þórunn Ólafsdóttir og Finnur Dellsén auk fleiri verkfæra félaga sem bættust í hópinn.

Skrifstofa VG – húsnæði

Vinstrihreyfingin – grænt framboð festi kaup á Suðurgötu 3 í febrúar árið 2004 og hefur flokksskrifstofan verið starfrækt þar síðan. Endurbótum á húsnæðinu lauk á haustdögum 2008 en þá fékk Smugan athvarf í húsnæðinu og búa þar í samlyndi ungliðar, flokkurinn, Reykjavíkurfélag VG og Smugan.

Eftir kosningar 2007 voru fest kaup á húsnæði í Kópavogi, Hamraborg 1-3, og hefur Kópavogsfélag Vinstri grænna haft þar aðsetur. Flokkurinn á 90% húsnæðisins en félagar í Kópavogi og víðar eiga 10%. Um reksturinn sér Kópavogsfélagið.

Sumarið 2007 var orðið ljóst að húsnæði flokksins á Akureyri þyrfti að ganga í gegnum gagngerar breytingar eftir að húsið var friðað og var það því selt. Síðan hefur Akureyrafélagið leigt aðstöðu, nú síðast að Geislagötu 7.

Vaxandi flokkur gerir kröfu um fleiri aðsetur og haustið 2008 var gerður langtíma leigusamningur um Kaupvang 5 (gömlu slátursöluna) á Egilsstöðum undir starfsemi félagsins þar.

Starfshópar innan VG

Fjölmarginir starfshópar hafa starfað til lengri eða skemmri tíma á vegum Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. Ýmist hafa þessir hópar verið sjálfsprottnir eða skipaðir af stjórn. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu er nú boðað til landsfundar miklu mun fyrr en reiknað hafði verið með. Vinna í málefnaþópum er því misjafnlega langt á veg komin en ályktun stjórnar eftir síðustu alþingiskosningar fól í sér að stofna til málefnaþópvinnu veturinn fyrir landsfund 2009.

Umhverfishópur hefur starfað innan hreyfingarinnar frá stofnun flokksins. Sem fyrr er aldrei hörgull á umræðuefnum í þeim málaflokki sem hefur frá öndverðu skipað stóran sess í stefnu og starfi Vinstri grænna. Fyrir alþingiskosningar 2007 var kynnt ritið *Græn framtíð* sem Kolbrún Halldórsdóttir og Katrín Jakobsdóttir ritstýrðu, en

stór og góður hópur almennra félagsmanna vann að ritinu í umhverfishópnum. Til grundvallar *Grænni framtíð* lá rit flokksins um sjálfbæra þróun frá árinu 2001. Sú framtíðarsýn sem þar er kynnt hefur sannað gildi sitt. Eftir hamfarir síðustu mánuða hefur aldrei verið jafn mikilvægt að halda grænum sjónarmiðum á lofti. Að undanfögnu hefur umhverfishópurinn starfað undir forystu Friðriks Dags Arnarsonar.

Kvenfrelsi

VG skilgreinir sig sem feminíska hreyfingu og hefur flokkurinn lagt fram róttækar tillögur í kvenfrelismálum. Nú þegar flokkurinn er loks kominn í ríkisstjórn og getur haft raunveruleg áhrif ríður á að koma kvenfrelsisstefnunni í framkvæmd. Síðastliðið haust var samþykkt að Sóley Tómasdóttir stýrði starfinu og hefur hópurinn hist reglulega að Suðurgötu 3. Áherslumál hópsins verða kynnt á landsfundi.

Velferðarhópur

Á haustmánuðum 2007 var ákveðið að sameina vinnuhópa um heilbrigðismál, málefni aldraðra, fjölskyldna og félagsmál í einn hóp um velferðarmál. Þá strax um haustið var haldið málþing um heilbrigðismál á Landspítalanum, *Lýðheilsa og samfélag*, og m.a. rætt um fyrirhugaða einkavæðingu þáverandi ríkisstjórnar. Var málþingið vel sótt og gerður góður rómur að. Katrín Jakobsdóttir stýrir vinnu velferðarhópsins og er stefnt að því að gefa út rit um velferðarstefnu flokksins.

Sjávarútvegshópur

Strax eftir landsfund og síðustu kosningar skipaði stjórn flokksins í samvinnu við þingflokk sérstakan sjávarútvegshóp. Atli Gíslason þingmaður var fenginn til að stýra þeim hópi. Hópurinn hefur fengið á sinn fund ýmsa sérfræðinga og skrifaði m.a. greinargott svar við álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna með tillögum til úrbóta. Sjávarútvegshópurinn stefnir að sérstakri útgáfu um stefnu flokksins í þessum mikilvæga málaflokki.

Landbúnaðarhópur

Á haustmánuðum 2008 var stofnaður landbúnaðarhópur og var Huginn Freyr Þorsteinsson fenginn til að halda utan um þá vinnu, en hópnunum stýra Jón Bjarnason og Katrín Jakobsdóttir. Skemmst er frá því að segja að málefnavinnan hefur gengið vel enda öflugur landbúnaður einkar mikilvægur í ljósi ástandsins.

Menntamál

Stefna VG í menntamálum kom út í aðdraganda kosninga árið 2006 og nýttist vel í sveitastjórnarbaráttunni sem og í aðdraganda alþingiskosninga 2007. Stefnan hefur sannað gildi sitt og aðrir flokkar tekið upp mál sem þar eru fyrir. Auður Lilja Erlingsdóttir stýrir nú starfi hópsins.

Evrópuhópur

Evrópuhópur hefur verið starfræktur um nokkurt skeið innan hreyfingarinnar undir forystu Katrínar Jakobsdóttur. Mikil umræða hefur verið í samfélaginu um stöðu Íslands gagnvart ESB og hafa Vinstri græn ekki látið sitt eftir liggja. Evrópusmiðja og opnir fundir hafa verið haldnir þar sem mismunandi sjónarhorn hafa verið reifuð og stefnt er að því að gefa út bækling um stefnu flokksins í Evrópumálum.

Utanríkismálahópur

Sérstakur utanríkismálahópur hefur komið saman síðustu vikur undir forystu Árna Þórs Sigurðssonar sem mun kynna tillögur sínar á landsfundi.

Hópur um aðgerðaáætlun

Hópur um aðgerðaáætlun undir forystu Héðins Björnssonar hefur verið að störfum frá því síðastliðið haust sem mun kynna tillögur sínar á landsfundi.

Ákveðið var á fundi flokksráðs í desember sl. að stofna hópa um atvinnumál, nýsköpunarmál og húsnæðismál og er sú vinna misjafnlega langt á leið komin.

Útgáfa – Smugan

Lengi hefur verið talað um það í hópi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að nauðsynlegt væri að mynda mótvægi við hlutdræga fjölmiðla hér á landi. Í upphafi árs 2008 var ráðist í töluverða vinnu við að móta hugmyndir að útgáfu og voru félagar með sérþekkingu á þessu sviði kallaðir til. Lísu Kristjánsdóttir var fengin í mánaðar vinnu við að þróa hugmyndina áfram, gera fjárhagsáætlun og þess háttar. Eftir því sem vinnunni vatt fram var ljóst að flokkurinn hefði helst bolmagn til að starfrækja vefmiðil. Hafin var leit að ritstjóra og á haustdögum var handsalaður samningur við Björgu Evu Erlendsdóttur. Henni til fulltingis á Smugunni er Elías Jón Guðmundsson og fór vefritið í loftið þann 20. nóvember 2008. Mikill áhugi reyndist meðal félaga og annarra að styðja við þetta framtak og var ákveðið að stofna hlutafélag um útgáfuna og gefa fólki færi á því að styðja það með þeim hætti og eru hluthafar nú þegar orðnir fjölmargir. Flokkurinn tók þátt í að marka ritstjórnarstefnuna sem ber keim af vintristefnu, femínisma og umhverfismálum. Auk þess hýsir VG ritstjórnina og greiðir launakostnað, en ritstjórnin sem slík er hins vegar sjálfstæð og starfar án afskipta VG.

10 ára afmæli VG

Vinstrihreyfingin – grænt framboð fagnaði 10 ára afmæli sínu 6. febrúar 2009. Af því tilefni var boðað til afmælisveislu á Hótel Grand og öllum félögum boðið auk fulltrúa systurflokka okkar á Norðurlöndum, þeirra Turid Leirvoll framkvæmdastýru SF í Danmörku, Edle Daasvand framkvæmdastýru SV í Noregi, Turo Bergmann alþjóðafulltrúa Vänsterförbundet í Finnlandi, Lars Ohly formanns Vänsterpartiet í Svíþjóð, Jakob Nørhøj varaformanns SF í Danmörku, Jette Ryde Gottlieb frá Enhedslisten í Danmörku og Högna Hoydal formanns Tjodveldisflokksins í Færeyjum. Auk þessara félaga heiðraði okkur með nærveru sinni Helmut Scholz frá þýska vinstriflokknum Die Linke. Við undirbúning afmælisins datt fáum í hug að við yrðum komin í ríkisstjórn á 10 ára afmæli flokksins en það hófst á loksprettinum og var því einnig fagnað. Fólk hélt upp á afmælið með tónlistarflutningi, fjöldasöng, upprifjun í máli og myndum og hátíðarræðum. Á laugardeginum 7. febrúar var haldið fjölsótt málþing um lýðræðismál og tóku þar til máls Stefán Ólafsson, Margrét Pétursdóttir, Sigtryggur Magnason og Oddný Eir Ævarsdóttir. Málþinginu stýrði Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Um kvöldið var haldinn hátíðarkvöldverður og ball en þar stigu á stökk gestir okkar frá Norðurlöndunum og fluttu kveðjur.

Í tilefni afmælisins var Hjördís Finnbogadóttir ráðin til að safna myndum úr starfi flokksins og setja upp sýningu. Það tókst vel og býr VG nú að glæsilegu myndasafni úr starfi flokksins síðustu 10 árin.

Norrænt samstarf

Vinstrihreyfingin – grænt framboð fór með formennsku á samstarfsvettvangi vinstri grænu flokkanna á Norðurlöndum. Það kom í hlut Drífu Snædal framkvæmdastýru flokksins að fylgja því eftir í samstarfi við starfsmann samstarfsins Mads Nikolajsen sem er staðsettur í Danmörku. VG tók við formenskunni í janúar 2008 og lét af henni á aðalfundi samstarfsins sem haldinn var hér á landi á 10 ára afmæli Vinstri grænna 7. febrúar 2009. Á þessu ári var aðaláherslan lögð á vinnurétt enda féllu tveir dómur í Evrópuréttinum í upphafi árs 2008 sem heimiluðu erlendum verkamönnum að starfa samkvæmt kjarasamningum í sínu landi þó að vinnan færi fram annars staðar. Til að ræða þessa dóma og samræma viðbrögð við þeim var blásið til málþings á Hótel Sögu í apríl 2008.

Norðurlandaráð þingaði hér á landi í september 2008 og var tækifærið notað til að slá upp málþingi vinstri græna flokkahópsins í Norðurlandaráði um loftslagsmál. Yfirskriftin var *Klimapolitik: Som att gå på vulkaner* og fór málþingið fram í Norræna húsinu við góðan orðstír.

Það hefur lengi verið áhugamál hjá söngelskum félögum á Norðurlöndunum að gefa út norræna rauðgræna söngbók og leit hún dagsins ljós á vordögum 2008 og fékk heitið *Ska nya röster sjunga*. Í bókinni er að finna baráttuljód frá öllum Norðurlöndunum auk nokkurra þýðinga. Að öðrum ólöstuðum á Gunnar Guttormsson félagi okkar allar þakkir skildar fyrir að ritstýra framlagi Íslands í bókinni. Í tilefni af útgáfunni var haldin söngvadásgrá hér á landi í Keflavík, á Akureyri og í Reykjavík. Til landsins komu þeir Bengt Hall frá Svíþjóð, ritstjóri söngbókarinnar og harmonikkuleikari og Per Warming frá Danmörku, rithöfundur, söngvaskáld og söngvari. Þeir félagar fluttu ýmsa söngva úr bókinni og sögðu stuttlega frá tilurð þeirra. Söngbókina er hægt að nálgast á skrifstofu Vinstri grænna.

Turid Leirvoll, framkvæmdastýra Socialistisk Folkeparti í Danmörku mætti á flokksráðsfund VG 22. – 23. febrúar 2008 um helgina og sagði frá kosningabaráttu félaga okkar þar á landi. Danir gengu að kjörborði 13. nóvember 2007 en þá tvöfaldaði SF fylgi sitt og var ótvíræður sigurvegari kosninganna. Flokknum tókst einkar vel að höfða til ungs fólks og kom áherslum sínum vel til skila í snarpri kosningabaráttu en boðað hafði verið til kosninga með einungis þriggja vikna fyrirvara. Við nutum frásagnar og góðra ráða Turid og nýttast þau vel í baráttunni nú.

SV í Noregi hélt gríðarlega stóra ráðstefnu um hugmyndafræði vinstriflokka í byrjun maí 2008. Árni Þór Sigurðsson þingmaður flutti kveðju frá Vinstri grænum á ráðstefnunni en auk hans sóttu þau Drífa Snædal og Finnur Dellsén ráðstefnuna og báru fréttir af henni jafnóðum á heimasíðu flokksins. Félagar frá öðrum Norðurlöndum voru einnig mættir á ráðstefnuna og var tækifærið notað til að halda fund með John McDonnell, þingmanni breska Verkamannaflokksins og mótframbjóðanda Gordons Brown í formannskosningunum 2007. McDonnell fer fyrir vinstri-sinnuðum hópi þingmanna Verkamannaflokksins og leiðir auk þess starf

róttækra verkalýðshreyfinga í Bretlandi. Ákveðið var að ná fundi hans til að styrkja tengsl norrænu vinstriflokkanna við vinstriarm Verkamannaflokksins í Bretlandi.

Landsfundur VG 2007

Landsfundur VG 2007 var haldinn á Grand Hóteli í Reykjavík dagana 23.-25. febrúar undir yfirskriftinni *Allt annað líf!*

Þetta var fimmti landsfundur flokksins og bar fundurinn vitaskuld sterk merki þess að alþingiskosningar voru í nánd, listar voru tilbúnir og nýir frambjóðendur kynntir til leiks. Auk kjörinna fulltrúa áttu allir félagar í VG seturétt á fundinum.

Opnunarhátíðin var hin glæsilegasta og voru yfir 500 aðalfulltrúar skráðir til leiks. Kolbrún Halldórsdóttir stýrði hátíðinni af röggsemi og mikil stemning var meðal landsfundargesta. Þar mátti sjá mörg ný andlit enda hafði félögum VG fjölgað jafnt og þétt vikurnar og mánuðina á undan. Hermann Valsson, formaður VG í Reykjavík, bauð landsfundargesti velkomna, Tríoíð Sinistra verde og söngkonan Jóhanna Vigdís fluttu nokkur valinkunn lög og Lárus Ástmar Hannesson söng við undirleik Tómasar Guðmundssonar. Snærós Sindradóttir, fulltrúi ungu kynslóðarinnar, hreif fólk með ræðu sinni en Málmfríður Sigurðardóttir var fulltrúi eldri kynslóðarinnar og jós hún af viskubrunnum sínum. Setningarræðuna flutti Steingrímur J. Sigfússon og lagði skarpar línur og baráttutóninn fyrir fyrirhugaða kosningabaráttu.

Auk hefðbundinna landsfundarstarfa voru áherslur VG í komandi þingkosningum kynntar sérstaklega. Þá var haldið málþing undir yfirskriftinni *Ótæmandi möguleikar: íslenskt atvinnulíf á tímamótum* og tóku þar m.a. til máls Eva Sigurbjörnsdóttir, Guðbjörg Glóð Logadóttir, Ásbjörn Björgvinsson og Svafa Grönfeldt. Umræðum stjórnáði Svandís Svavarsdóttir.

Mikið starf var unnið í öllum málefnaþópum og ályktað um fjölmörg mál. Sérstakur hópur var að störfum fyrir fundinn og gerði hann hvort tveggja að móta rammann um starfið í málefnaþópunum og leggja drög að aðalályktun í anda yfirskriftar landsfundarins.

Stjórn málaályktun landsfundar

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur nú setið að völdum í tólf ár. Á þeim tíma hafa miklar breytingar orðið á íslensku samfélagi. Vissulega hefur landsmönnum gengið ýmislegt í haginn á þessum tíma og margir efnast vel og jafnvel komist yfir milljarða. Hitt er því miður einnig staðreynd að misskipting gæðanna hefur aukist hratt í samfélaginu og tilfinnanleg og sár fátækt finnst á þúsundum íslenskra heimila mitt í öllu ríkidæminu. Ráðist hefur verið í miklar virkjunarframkvæmdir með geigvænlegum afleiðingum fyrir íslenska náttúru og íslenskt efnahagslíf, allt til að framleiða og selja raforku á útsöluverði til erlendra állhringa í samræmi við stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Verðmætar þjóðareignir hafa verið seldar eða afhentar vildarvinum gegn vægu endurgjaldi og almannþjónusta einkavædd. Hátekju- og stóreignafólk hefur notið góðs af skattastefnu sem ívilnar hinum efnamiklu og tekjuháu á sama tíma og lágláunafólki, öryrkjum og öldruðum

hefur verið gert að greiða æ þyngri skatta af tekjum sínum. Valdhroki og ólýðræðisleg vinnubrögð hafa verið fylgifiskar flokkanna tveggja, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, allar götur frá því þeir gengu í eina sæng vorið 1995. Illdeilur og málaferli sem samtök öryrkja hafa mátt standa í til að rétta sinn hlut, offorsið í fjölmiðlamálunum og hinn illræmði stuðningur við Írakstríðið eru allt dæmi um mál sem hafa hvert á sinn hátt orðið að vörumerki fyrir starfshætti ríkisstjórnarinnar.

Við þetta verður ekki unað lengur. Þjóðin á annað og betra skilið og nú er nóg komið. Vinstrihreyfingin – grænt framboð mun gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að sannfæra kjósendur um að það er hægt að koma málefnum lands og þjóðar í uppbyggilegri og traustari farveg. Í kosningunum 12. maí gefst þjóðinni tækifæri til þess að halda inn á nýjar brautir, þar sem áhersla verður lögð á að jafna kjör landsmanna, setja vernd náttúru og umhverfis í öndvegi og hafna eyðileggingarstefnunni, úthýsa kynbundnu misrétti úr samfélaginu, búa í hagin fyrir fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf, mannlíf og farsæla byggðaþróun. Síðast en ekki síst að fylgja utanríkisstefnu sem byggist á réttlæti og reisu sjálfstæðrar þjóðar. Forsenda þess að þetta megi takast er að þjóðin felli ríkisstjórnina í komandi alþingiskosningum. Það verða engar breytingar ef ríkisstjórnin heldur velli.

Kosningasigur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er ávísun á pólitískt vor á Íslandi.

Aðrar ályktanir

Auk stjórn málaályktunarinnar voru samþykktar fjölmargar aðrar ályktanir sem hægt er að nálgast á vef Vinstri grænna en sérlega mikið var lagt upp úr ályktanavinnu og stefnumótun fyrir landsfundinn 2007. Titlar þeirra ályktana sem má lesa á vefnum eru:

- Efnahagsmál, fjármál ríkis og sveitarfélaga og skattar
- Heilbrigðisstefna Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
- Innflytjendamál
- Stórsókn í ferðaþjónustu
- Tímamót í menntun og vísindum
- Landbúnaðarmál
- Efling byggða landsins
- Aðgerðaáætlun í atvinnumálum
- Frelsum ástina – höfnum klámi!
- Samgöngumál
- Meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga
- Fangelsismál
- Fjölbreytt atvinnulíf án álvers í Helguvík
- Hugsum á heimsvísu – tökum til heima
- Loftslagsmál
- Réttur sjúklinga, persónuvernd og heilsufarsupplýsingar
- Að eldast með reisu
- Stöðvun stóriðjuframkvæmda
- Táknmál
- Trúfrelsi
- Um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík og virkjanir í neðri hluta Þjórsár

- Sjávarútvegsmál
- Utanríkis- og alþjóðamál
- Stórátak í geðheilbrigðismálum
- Húsnæðismál
- Ályktun um lækkun lyfjakostnaðar
- Meðferðarúræði fyrir átröskunarsjúklinga á landsbyggðinni
- Börnin í öndvegi
- Einstaklingurinn – heimilið – fjölskyldan
- Velferðarmál og almannaþjónusta hins opinbera
- Hækkum lægstu laun, stytum vinnutíma og útrýmum fátækt
- Þróunarsamvinna og verslun við þróunarlönd
- Efling lýðræðis

Fundir og ráðstefnur

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið talin hafa stjórn flokksins og þingmenn hans haldið ótal fundi í öllum kjördæmum, heimsótt vinnustaði og stofnanir og mætt á ráðstefnur og fundi víðsvegar um land þar sem mikilvægt hefur verið að koma sjónarmiðum VG á framfæri. Af gróskumiklu starfi má m.a. nefna fundaherferð um efnahagsmál þar sem varað var við ástandinu og lagðar fram tillögur til úrbóta undir yfirskriftinni *Tökumst á við efnahagsvandann – Tillögur VG*. Einnig má m.a. nefna fundaherferð um landbúnaðarmál og þá sérstaklega frumvarp fráfarandi ríkisstjórnar um innflutning á hráu kjöti undir yfirskriftinni *Matvælaöryggi og framtíð íslensks landbúnaðar*. Flokkurinn stóð sem fyrr segir fyrir fjölda annarra funda og málþinga víðs vegar um landið.

Fjármál og fjáröflun

Rekstrarfé flokksins og þingflokksins byggist fyrst og fremst á því framlagi sem merkt er stjórn málaflökkunum á fjárlögum. Flokkurinn rekur einnig styrktarmannakerfi sem sannarlega munar um og er brýnt að efla. Auk opinberra framlaga og frá félagsmönnum berast flokknum alltaf einhver framlög frá fyrirtækjum. Eftir lagasetningu um fjármál stjórn málaflökka frá árinu 2006 er það umhverfi hins vegar gjörbreytt. Því er ljóst að aðhald í auglýsingum hér eftir sem hingað til er brýnt, svo og að efla styrktarmannakerfið.

Útgáfumál

Fyrir kosningarnar 2007 kom út hið veglega rit *Græn framtíð* undir ritstjórn Kolbrúnar Halldórsdóttur og Katrínar Jakobsdóttur, en umhverfishópur flokksins hafði þá á fjölmörgum undangengnum fundum unnið að endurskoðun rits um sjálfbæra þróun frá árinu 2001. Í *Grænni framtíð* er lögð fram ítarleg stefnumörkun Vinstri grænna um sjálfbæra samfélagsþróun til frambúðar.

Samstarf við félög VG

Svæðisfélögin eru nú orðin 32. Þau hafa hvert um sig leitast við að halda uppi flokksstarfi á sínu svæði með ýmsum hætti: haldið fundi, ályktað um brýn málefni

samtímans og gefið út blöð, ýmist ein sér eða í samstarfi félaga. Þá hafa svæðisfélögin lagt þingflokknum lið við skipulagningu heimsóknna og vinnustaðafunda víðs vegar um landið. Nýtt félag VG var stofnað á Ströndum og einnig stofnað félag VG í Kaupmannahöfn. Þá var félagið í Garðabæ nýlega endurreist.

Stofnfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á Ströndum var haldinn sunnudaginn 11. janúar 2009 að Sævangi. Fjölmennt var á fundinum og gengu margir nýir félagar til liðs við hreyfinguna. Eftir að félagið hafði verið formlega stofnað tóku margir til máls. Helst brunnu á félögum samgöngumálin og fjarskipti við Strandir, enda er slíkt forsenda fyrir sjálfbærni samfélagsins og atvinnuuppbyggingu. Formaður var kjörinn Jón Jónsson, aðrir í stjórn eru Arnar Jónsson, Katla Kjartansdóttir, Kristinn Schram og Rósmundur Númason. Þau Viðar Guðmundsson og Viktoría Rán Ólafsdóttir voru kjörin varamenn. Skoðunarmenn reikninga eru Þórður Halldórsson og Eva Sigurbjörnsdóttir.

Stofnfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Kaupmannahöfn og Suður-Svíþjóð var haldinn í Jónshúsi laugardaginn 24. janúar 2009. Á fundinum voru samþykkt lög fyrir félagið og þrjú félagar kosnir í stjórn, þau Gunnar Örn Heimisson, Dagur Snær Sævarsson og Svala Heiðberg. Drífa Snædal framkvæmdastýra Vinstri grænna stýrði fundinum en Kolbrún Halldórsdóttir þingkona fór yfir stöðu mála og ýtti úr vör líflegum umræðum á fundinum. Félagið er það fyrsta innan flokksins sem stofnað er utan landsteinana.

Þann 12. mars 2009 var endurreist félag Vinstri grænna í Garðabæ. Mikil stemmning var á staðnum og hugur í fundarmönnum að mála Garðabæ í fleiri litum en þeim bláa. Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur stýrði fundi en Katrín Jakobsdóttir var sérstakur gestur og ávarpaði fundinn.

Ný stjórn Félags VG í Garðabæ var kosin einróma, en hana skipa: Þórdís Eygló Sigurðardóttir, Guðríður Þorleifsdóttir, Helgi Hafsteinn Helgason, Ásdís Ýr Pétursdóttir og Gísli Garðarsson. Í varastjórn sitja Kristín Helga Gunnarsdóttir og Bergur Rögnvaldsson. Formaður var kjörin Þórdís Eygló Sigurðardóttir.

Ályktanir flokksráðs

Flokksráð Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fer með æðsta vald í málefnum VG milli landsfunda og ber að koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Í ráðinu sitja, sem fyrr segir, stjórn flokksins, aðal- og varamenn, formenn svæðisfélaga, formenn kjördæmisráða, þingmenn og varaþingmenn flokksins, formaður UVG og 30 félagar kjörnir á landsfundi. Á tímabilinu voru haldnir 6 flokksráðsfundir:

- 31. ágúst 2007,
- 22. – 23. febrúar 2008,
- 29. – 30. ágúst 2008,
- 10. október 2008 (opinn stjórnar- og flokksráðsfundur),
- 7. desember 2008
- 27. janúar 2009.

Á fundunum voru samþykktar eftirfarandi ályktanir:

Ályktun flokksráðs um lýðræði og umhverfi 31.08.2007

Fundur flokksráðs VG, haldinn að Flúðum 31. ágúst til 1. september 2007, krefst þess að grundvallarstefnumótun á borð við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sé unnin áður en lengra er haldið. Heildstæð áætlun um auðlindanotkun, landnýtingu og landsskipulag byggir á því að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð og íbúum sveitarfélaga sé gefið það svigrúm sem nauðsynlegt er til að ná farsælum niðurstöðum í umdeildum skipulagsmálum.

Stöðugt gætir aukinnar ásælni raforkufyrirtækja í að virkja straumvötn og jarðhita til stóriðju og hafa þau notið til þess stuðnings og velvilja ríkisstjórnarinnar. Nærtækt dæmi er leynisamkomulag fjármálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis frá maí sl. um yfirtöku Landsvirkjunar á vatnsréttindum ríkisins í neðri hluta Þjórsár.

Á sama tíma er þrengt að sveitarfélögum, og þau beitt þrýstingi við skipulagsgerð. Það er gert í krafti þess að stjórnvöld hafa ekki markað heildarstefnu um landnýtingu, náttúruvernd eða uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Almennar leikreglur eru óskýrar og takmarkaðar og mikið skortir á að lýðræðisleg vinnubrögð hafi verið stunduð við stefnumótun eða lagasetningu. Orkufyrirtækin eru notuð sem keyri og neytt er aflsmunar gegn náttúruverndarsamtökum, einstaklingum og fámennum sveitarfélögum til að knýja fram niðurstöðu sem er stóriðjusinum þóknanleg.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur ítrekað varað við því að haldið sé áfram á þessari braut. Þingflokkur Vinstri grænna hefur fordæmt samkomulagið um yfirtöku vatnsréttinda Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár og telur gerð samkomulagsins, sem leynt var fyrir Alþingi, íbúum og sveitarstjórnnum, vera siðleysi og afar ólíklegt að það fái staðist í lagalegu tilliti. Hefur þingflokkurinn óskað álits Ríkisendurskoðunar á þeim gjörningi.

Ályktun flokksráðs um að Orkuveitan verði áfram í almannaeygu 31.08.2007

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur 30. ágúst sl. var lögð fram tillaga meirihluta stjórnar um að breyta fyrirtækinu úr sameignarfyrirtæki í hlutafélag. Um málið hefur ekki verið fjallað af eigendum eða kjörnum fulltrúum þeirra í borgarstjórn Reykjavíkur, hjá Akranesbæ eða Borgarbyggð. Það var heldur ekki rætt á eigendafundi í vor sem leið. Meirihlutflokkarnir Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur þögðu þunnu hljóði um slík áform í aðdraganda kosninga en koma nú aftan að kjósendum sínum með þessari tillögu.

Í tillögunni eru lagðar til breytingar á grundvelli fyrirtækisins, rekstrarformi þess og þróunarmöguleikum. Slíkar ákvarðanir á að taka á grundvelli umræðu þeirra sem eru til þess kjörnir. Með þessari framgöngu er lýðræðið að engu haft enda þjónar það augljóslega ekki markmiðum meirihlutans.

Þegar eigur samfélagsins eru seldar er dregið úr lýðræðislegu aðhaldi, möguleikar almennings til að hafa áhrif rýrna og hagsmunir peninga og markaðar eru settir ofar hagsmunum samfélagsins í heild. Tilburðir meirihlutans í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, með borgarstjórnann í Reykjavík í broddi fylkingar, eru slíkur leiðangur. Ljóst er að viðnám og málaþyngja Vinstri grænna er eina skýra röddin gegn áróðri og ásetningi einkavæðingaraflanna í þessu máli sem öðrum.

Það er ávallt hagkvæmara fyrir samfélagið sjálft að eiga og ráðstafa þeim arði sem kann að verða til í slíkum fyrirtækjum beint til samfélagslegra verkefna heldur en að svokallaðir fjárfestar fái að taka arðinn jafnharðan út úr fyrirtækinu í eigin þágu.

Lengi hefur legið fyrir sá einbeitti vilji frjálshyggjumanna og annarra sterkra afla innan Sjálfstæðisflokksins að einkavæða allt sem hægt er, og færa samfélagslegar eigur í hendur auðmanna og peningavaldsins. Þess er skemmst að minnast að landsfundur Sjálfstæðisflokksins dróst á langinn í því skyni að gera harða einkavæðingarstefnu flokksins söluvænni í aðdraganda kosninga. Tillagan um hlutafélagavæðingu Orkuveitunnar verður án undanbragða skoðuð í því samhengi, – hér er um að ræða fyrsta skrefið í átt til einkavæðingar fyrirtækisins. Það er afdráttarlaus afstaða Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að samfélagsþjónustan, þar með talin Orkuveita Reykjavíkur, eigi að vera í eigu almennings. Af því verður ekki gefinn afsláttur undir nokkrum kringumstæðum.

Ályktun flokksráðs um friðar- og utanríkismál 31.08.2007

Heræfingar og fjárútlát í heimildarleysi

Með þeim ánægjulegu tímamótum sem urðu er erlendur her hvarf af landinu skapaðist gullið tækifæri til að endurskilgreina stöðu Íslands og móta nýjar áherslur sem til þess væru fallnar að skapa breiða samstöðu með þjóðinni. Það verður best gert með því að leggja grunn að sjálfstæðri og óháðri utanríkis- og friðarstefnu sem heldur í heiðri og virðir vopnleysis- og friðararfleifð íslensku þjóðarinnar. Því miður hefur hvorki núverandi né fyrrverandi ríkisstjórn notað tímann vel né lagt grunn að slíku með framgöngu sinni, heldur þvert á móti.

Enn bolar ekkert á efndum loforða um að skapa nýjan samskiptavettvang stjórnmalaflokkanna í landinu á sviði öryggismála til umræðna og stefnumótunar. Vinstrihreyfingin – grænt framboð lýsti sig strax reiðubúna til þátttöku í slíku starfi. Nú er senn ár liðið frá því að fyrrverandi ríkisstjórn gaf loforð um að slíkum vettvangi yrði komið á laggirnar í tengslum við tíðindin af brottför Bandaríkjahers. Sama er áréttað í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar án þess að orðið hafi vart neinna tilburða til efnda enn sem komið er.

Fundur flokksráðs Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn að Flúðum dagana 31. ágúst og 1. september 2007, mótmælir nýafstöðnum heræfingum á Íslandi og þeim kostnaði sem ríkisstjórnin í heimildarleysi ákvað að leggja út fyrir vegna þeirra. Fundurinn mótmælir því einnig harðlega að gerðir séu samningar við önnur lönd, ákvarðanir teknar á vettvangi NATO og fyrirheit gefin á fleiri vegu um veruleg fjárútlát af Íslands hálfu til heræfinga og hernaðartengdrar starfsemi á næstu árum. Þetta er gert án þess að nokkrar heimildir fyrirfinnist í fjárlögum til slíks, án þess að nokkur opinber umræða og stefnumótun hafi átt sér stað heima fyrir og án þess að haft sé lögboðið samráð við utanríkismálanefnd Alþingis fyrirfram.

Staða Íslands í NATO

Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að staða Íslands innan hernaðarbandalagsins NATO verði tekin til umræðu. Að frumkvæði Bandaríkjamanna hefur verksvið NATO verið útvíkkað eins og best sést á því hlutverki sem NATO gegnir nú í Afganistan. Þar sökkva NATO-ríkin æ dýpra í fúafen vonlausrar baráttu

með ærnum fórnarkostnaði og bera ábyrgð á stórfelldu mannfalli óbreyttra borgara. Það þjónar á engan hátt hagsmunum Íslands né er það í samræmi við friðar- og vopnleysisarfleifð okkar að taka þátt í verkefnum í fjarlægum heimsálfum undir hatti hernaðarbandalagsins NATO. Liður í heildarendurskoðun þessara mála á að vera að kalla allt íslenskt lið tafarlaust heim frá Afganistan. Minna má á í þessu sambandi nýsett lög um íslensku friðargæsluna en þar er tekið af skarið um að þátttaka Íslands í slíku starfi skuli alfarið vera á borgaralegum forsendum.

Ísland af lista vígfúsra þjóða

Fundurinn felur stjórn og þingflokki flokksins að berjast áfram fyrir því að hinn hörmulegi og misráðni stuðningur fyrrverandi ríkisstjórnar við Íraksstríðið verði formlega afturkallaður og nafn Íslands tekið af lista hinna vígfúsu þjóða.

Palestína

Fundurinn harmar það ástand sem nú ríkir í Palestínu og fordæmir framgöngu bandarískra og ísraelskra stjórnvalda og annarra er þeim fylgja að málum sem leynt og ljóst vinna að því að kljúfa palestínsku þjóðina, reka þar aðskilnaðarstefnu og ýta undir innbyrðis deilur og átök. Þá var sérstaklega ámælisvert þegar Evrópusambandið ákvað að hætta stuðningi á Gaza sem jók enn á þjáningar óbreyttra borgara á svæðinu, m.a. með því að hætta að standa straum af kostnaði við raforkuframleiðslu.

Erindi Íslands í öryggisráðið?

Að lokum lýsir fundur flokksráðs vonbrigðum með að enngar stefnubreytingar hefur orðið vart í utanríkismálum í tíð nýrrar ríkisstjórnar. Haldi svo fram sem horfir með óbreyttri stjórnarstefnu er ljóst að Ísland á ekkert erindi í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og þeim fjármunum, sem áframhaldandi kosningabarátta í því skyni mun kalla á, væri betur varið til annarra hluta, svo sem aukinnar neyðaraðstoðar, þróunarsamvinnu og annarra verkefna, þar á meðal á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Ályktun flokksráðs um almannaþjónustuna 31.08.2007

Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill rannsókn á afleiðingum markaðs- og einkavæðingar og krefst kjarabóta fyrir launafólk. Flokksráð Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hvetur til víðtækrar umræðu í þjóðfélaginu um framtíð almannaþjónustu á Íslandi. Það er óviðunandi að stjórn mála flokkar komist til valda á grundvelli fagurgala og loforðaflaums um uppbyggingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis, raforkukerfis, vatnsréttinda og annarra grunnþátta en ráðist síðan í breytingar sem hafa afgerandi neikvæðar afleiðingar um ókomna tíð.

Víða í heiminum hefur markaðsöflunum tekist að knýja fram umfangsmiklar breytingar á almannaþjónustu. Stofnanir sem sinna grunnþjónustu á borð við orkuveitur og vatnsveitur hafa verið einkavæddar og seldar, skólum og heilbrigðisstofnunum hefur verið þröngvað til að starfa á markaðsvísu. Íslensk stjórnvöld hljóta að þurfa að horfa til reynslunnar af þessum breytingum.

Spyrja þarf hvernig breytingarnar hafa reynst almenningi. Hefur þjónustan batnað eða hefur hún orðið verri? Hefur aukin mismunun fylgt einkarekstri og markaðsvæðingu eða hefur jafn aðgangur haldist?

Spyrja þarf hvernig breytingarnar hafa reynst þeim sem greiða fyrir þjónustuna. Hefur þjónustan orðið dýrari eða ódýrari? Fæst betri þjónusta fyrir minna fjármagn eða er þessu öfugt farið?

Spyrja þarf hvernig breytingarnar hafa reynst þeim sem veita þjónustuna. Hefur markaðs- og einkavæðing almennt bætt eða rýrt kjör starfsfólks, hvaða áhrif hafa breytingarnar haft á atvinnuöryggi fólks og hvernig hefur einstökum hópum farnast?

Flokksráð VG fagnar ákvörðun þingflokks VG um að flytja í upphafi þings tillögu um að ráðist verði í markvissa könnun á afleiðingum markaðs- og einkavæðingar á undirstöðustofnunum almannaþjónustunnar. Flokksráð VG krefst þess að á meðan verði fallið frá öllum áformum um frekari einkavæðingu og einkarekstur. Við framtíðarstefnumótun í samfélagslegum efnum verði tekið mið af niðurstöðum þessarar rannsóknar og efnt verði til víðtækrar umræðu í þjóðfélaginu um framtíð velferðarkerfisins og almannaþjónustunnar.

Samhliða þessari rannsókn og stefnumótun verður tafarlaust að ráðast í aðgerðir til að styrkja stöðu og bæta rekstrarumhverfi almannaþjónustunnar. Þegar er erfitt að manna ýmsar stofnanir velferðarkerfisins. Tími er kominn til að stjórnvöld horfist í augu við ábyrgð sína hvað varðar kjaramál starfsfólksins sem velferðarþjónustan hvílir á. Kjör starfsfólks og sú þjónusta sem það veitir eru óaðskiljanlegir þættir.

Ályktun flokksráðs um efnahags- og atvinnumál 23.02.2008

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík dagana 22. og 23. febrúar 2008, lýsir þungum áhyggjum yfir stöðu efnahags- og atvinnumála og gagnrýnir andvaraleysi ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í þeim efnum.

Undanfarin þrjú ár hefur Vinstrihreyfingin – grænt framboð varað við afleiðingum gríðarlegrar þenslu, jafnvægisleysis í hagkerfinu og hagstjórnarmistaka undanfarinna ára. Vorið 2005 flutti þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Þar var lagt til að

- slegið yrði á frest öllum frekari stóriðjuframkvæmdum
- gert yrði vandað áhættumat í bankakerfinu
- hugað yrði að því að auka bindiskyldu hjá innlánsstofnunum á nýjan leik
- slegið yrði á frest eða, eftir atvikum, hætt við frekari skattalækkanir í ljósi mikillar þenslu
- efnt yrði til víðtæks samstarfs aðila vinnumarkaðar og hagsmunasamtaka í anda þjóðarsáttar

Þessu til viðbótar hefur Vinstrihreyfingin – grænt framboð lagt til margvíslegrar ráðstafanir í atvinnumálum varðandi nýsköpun í atvinnulífi í stað þess að einblína á stóriðju og ítrekað lagt til að gjaldeyrisvaraforðinn yrði aukinn og staða Seðlabankans styrkt til að treysta undirstöðurnar í fjármálakerfinu.

Á þessar tillögur okkar Vinstri grænna var ekki hlustað frekar en aðvaranir innlendra og erlendra greiningaraðila og sérfræðistofnana: Hið ofþanda stóriðju- og útrásarhagkerfi var keyrt áfram með tilheyrandi verðbólgu, geigvænlegum viðskiptahalla og svimandi háum vöxtum. Afleiðingarnar blasa nú við og eru grafalvarlegar. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar flýtur sofandi áfram og er síðust allra til að vakna upp til veruleikans eins og hann ber nú að dyrum.

Til viðbótar þeirri alvarlegu stöðu sem við blasir í bankakerfinu og á verðbréfaþingi, og óvissunni um þróun gjaldeyris- og verðlagsmála næstu mánuðina, bætast svo áföll sem dunið hafa yfir í sjávarútvegi. Því miður berast langleiðina svipuð ótíðindi af málefnum landbúnaðarins, en þar stofnar allt að 80% hækkun áburðarverðs, ásamt gríðarlegri hækkun á olíuverði, innfluttu kjarnfóðri og fleiri aðföngum, afkomu bænda og stöðugleika í innlendra búvöruframleiðslu í verulega hættu.

Þá þarf að setja aukinn kraft í íslenskan landbúnað, gera sem mest úr sérstöðu hans og möguleikum, m.a. stórefla lífræna ræktun og nýsköpun í landbúnaði í sátt við umhverfið. Vinstrihreyfingin – grænt framboð er reiðubúin til að leggja sitt af mörkum og vísar til tillagna sinna bæði fyrir og nú.

Ályktun flokksráðs um heilbrigðisþjónustuna 23.02.2008

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 22.-23. febrúar 2008, hvetur landsmenn til að hrinda atlögu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að almannaþjónustunni.

Áform um víðtæka einkavæðingu innan heilbrigðis- og félagsþjónustunnar, í menntakerfinu og á sviði samgangna eru alvarlegt tilræði við velferðarþjóðfélagið. Ráðherrar úr báðum stjórnarflokkunum eru farnir að taka opinberlega undir með samtökum atvinnurekenda og fjármagnseigenda um einkavæðingu almannaðjónustunnar. Á undarförnum vikum hefur þjóðin orðið vitni að úthýsingu starfsemi í heilbrigðisþjónustunni, svo sem á störfum læknaaritara, á ýmsum þáttum geðheilbrigðisþjónustunnar og víðar. Það er ekki tilviljun að á sama tíma og almannaðjónustan er í fjársvelli er hafinn undirbúningur að einkareknum sjúkrahúsum og þá eru nægir fjármunir til í dýrar markaðslausnir. Umbylting heilbrigðisþjónustunnar á öllum sviðum yfir í einkarekstur og aukinn kostnað fyrir notendur er ekkert annað en einkavæðing sem gengur hratt gegnum bakdyrnar í dularklæðum.

Þau 17 ár sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú setið við völd hafa markvisst verið notuð til að búa í haginn fyrir einkavæðingu velferðarþjónustunnar. Það eru mikil vonbrigði að með aðild Samfylkingarinnar að ríkisstjórn skuli ekki horfið frá þessari stefnu heldur eru nú þvert á móti uppi áform um umfangsmeiri einkarekstur en nokkru sinni fyrir.

Reynslan sýnir að einkavæðing heilbrigðisþjónustunnar leiðir til mismununar, bitnar illa á konum og þeim hópum sem búa við slæm kjör í þjóðfélaginu. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hvetur landsmenn til að rísa upp til varnar velferðarþjóðfélaginu og láta andvaraleysi ekki verða til þess að áratuga barátta fyrir velferð og jöfnuði verði eyðilögð. Flokksráðsfundur Vinstri grænna vill að stóratök verði gert til að efla samfélagslega heilbrigðisþjónustu, afnema gjaldtöku, auka aðgengi og útrýma biðlistum.

Ályktun flokksráðs um kjaramál 23.02.2008

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 22. - 23. febrúar, fagnar þeirri tilraun sem gerð var í yfirstandandi kjarasamningum að semja á félagslegum grunni. Það var nauðsynlegt að hækka lægstu laun og réttlæt看legt að leggja áherslu á það fremur en hækkun allra launa. Eftir stendur að enn og aftur er samið um launataxta sem eru langt undir framfærslukostnaði og ekki hægt að ætla fólki að lifa á. Því til viðbótar hefur þensla síðustu ára, sem rekja má til vafasamrar hagstjórnar, komið hvað harðast niður á þeim sem lægstu launin hafa og aukið til muna bilið á milli ríkra og fátækra.

Því miður eru fingraför Sjálfstæðisflokksins allt of ráðandi þegar kemur að hlut ríkisstjórnarinnar. Rífligasta framlagið í aðgerðum tengdum kjarasamningunum gengur ekki til þeirra sem ætlað er að lifa undir framfærslumörkum heldur til fyrirtækja í gegnum skattalækkanir. Persónufrádráttur verður hækkaður en því miður hafnaði ríkisstjórnin þeirri hugmynd að léttu sérstaklega sköttum af lægri launum. Í reynd má segja að ríkisstjórnin sé að litlu leyti að efna loforð flokkanna frá því fyrir kosningar og fyrirheit í stjórnarsáttmála þó mjög skammt sé gengið í þeim efnunum. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir síðustu áramót var ríkisstjórnin harðlega gagnrýnd fyrir að hækka ekkert barnabætur sem í reynd verða skertar að raungildi að óbreyttu á yfirstandandi ári og gera ekki betur í vaxtabótum, hreyfa ekki við skattleysismörkum og fleira í þeim dúr.

Í hnotskurn má segja, að verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins sýni viðleitni í átt til launajöfnunar með sinni nálgun við gerð almennra kjarasamninga en ríkisstjórnin er á allt öðru róli og hennar ráðstafanir eru í reynd ekki sérstakt framlag í þeim efnunum og ganga mun skemur en ætla hefði mátt miðað við kosningaloforð og fyrirheit í stjórnarsáttmála.

Hin eiginlega prófraun ríkisstjórnarinnar verða samningar hennar við eigin viðsemjendur, þ.e. við opinbera starfsmenn. Það hlýtur að vera efst á dagskrá að hækka laun hinna hefðbundnu kvennastétta, þeirra sem vinna umönnunar- og menntastörf, og draga þannig úr launamun kynjanna. Sveitarfélögin hafa fæst bolmagn til raunverulegra launahækkana nema ríkið komi til móts við þau með auknum framlögum og því er ábyrgð ríkisstjórnarinnar mikil í komandi kjarasamningum.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð lýsir yfir stuðningi við baráttu launafólks sem gengur til kjarasamninga á þessu ári. Við bendum á að sérstaklega þarf að tryggja réttindi erlends launafólks hér á landi enda verður kjaramisrétti ekki útrýmt nema með samstöðu og baráttu fyrir stórbættri afkomu láglaunafólks óháð þjóðerni. Þá þarf að vinna markvisst að því að stytta vinnutíma og gera hann sveigjanlegri en um leið þarf að tryggja að laun fyrir styttri vinnutíma dugi til lífsviðurværis. Til að tryggja gegnsæi og vinna á kynbundnum launamuni þarf að afnema launaleynd.

Slæmar horfur í íslensku samfélagi má rekja til:

- óhófs og brúðls íslenskrar auðstéttar með almannafé
- allt of lágra launa til handa þorra vinnandi fólks

- kaldrifjaðrar markaðshyggju og þjónkunar ríkisstjórnarinnar við fjármagnsöflin

Svar launafólks er ekki að halda að sér höndum og sætta sig við enn meira undanhald heldur þvert á móti þurfum við að brýna hvert annað til sóknar fyrir jafnrétti á öllum sviðum. Niðurstaða nýgerðra kjarasamninga var mikilvæg hvað verðar launajöfnuð meðal hinna lægst launuðu. Að enn skuli samið um laun langt undir framfærslukostnaði endurspeglar hins vegar þörfina á enn öflugri verkalýðsbaráttu. Flokksráðið hvetur öll samtök launafólks að láta hvergi deigan síga en sækja fram eftir því sem kostur er. Jafnframt þarf gjörvöll verkalýðshreyfingin að efla baráttustyrk sinn. Framfarir og jöfnuður í íslensku þjóðfélagi markast af styrk hennar og baráttu.

Ályktun flokksráðs í tilefni stóriðjuáforma 23.02.2008

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs lýsir yfir undrun sinni á fyrirhuguðum álversbyggingum í Helguvík og á Bakka. Fyrir kosningar boðaði Samfylkingin stóriðjuhlé með sínu „Fagra Íslandi“, en svo virðist sem það hafi verið orðin tóm. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar senda nú misvísandi skilaboð til þjóðarinnar um stefnu hennar varðandi uppbyggingu á stóriðju. Tilraunir ráðherranna til að hlaupast undan ábyrgð á byggingu fleiri álvera eru aumkunarverðar þegar horft er til þess að ríkisstjórnin er samningsbundinn þátttakandi í undirbúningi stóriðjuverkefnanna í Helguvík og á Bakka við Húsavík. Flokksráðið bendir á að hér er um leyfisskylda starfsemi að ræða, að virkjanirnar eru í flestum tilfellum á þjóðlendum í umsjá ríkisins. Sömuleiðis eru orkufyrirtækin nær alfarið í opinberri eigu – jafnvel með ríkisábyrgð á lánum vegna orkuöflunar fyrir álverksmiðjurnar og stóriðjufyrirtækin eru háð losunarheimildum sem er í verkahring stjórnvalda að úthluta. Brýnt er að stöðva álversáformin í ljósi skuldbindinga Íslendinga í loftslagsmálum en ljóst er að núverandi stóriðjuáform rúmast ekki innan losunarheimilda Íslendinga og óljóst er um orkuöflun, bæði til álvers í Helguvík og á Bakka.

Nauðsynlegt er að verkefnisstjórn rammaáætlunar um vernd og nýtingu orkuaudlindanna fái frið til að ljúka sínu mikilvæga starfi og komið verði í veg fyrir frekari ásælni orkufyrirtækja í virkjanakosti sem stefna öllum hugmyndum um náttúruvernd og sjálfbæra nýtingu auðlindanna í voða. Fleiri álver munu kynda undir þenslu og verðbólgu á nýjan leik og koma í veg fyrir að vextir geti lækkað. Nú þarf að ná jafnvægi í efnahagsmálum og fylgja hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar við frekari auðlindanýtingu og atvinnuuppbyggingu. Stöðvun stóriðjuáforma er nauðsynleg forsenda fyrir sjálfbærri atvinnustefnu í sátt við náttúru og samfélag.

Ályktun flokksráðs um utanríkis- og varnarmál 23.02.2008

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík dagana 22. og 23. febrúar 2008, mótmælir harðlega þeirri hervæðingu og NATO-væðingu íslenskra öryggismála sem fólgin er í nýtilkomnum og stórfelldum útgjöldum til hermála.

Með aðgerðum ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er Ísland reyrt fastar en nokkru sinni fyrr á klafa hernaðarbandalagsins NATO, þess sama bandalags og staðið hefur fyrir stríðsrekstri í fjarlægum heimsálfum á undanförunum árum. Ef frumvarp utanríkisráðherra um Varnarmálastofnun nær fram að ganga verður í fyrsta

skipti í sögu landsins sett lagaumgjörð um veru herliðs hér á landi á friðartímum. Hugmyndir utanríkisráðherra um sérstaka Varnarmálastofnun eru af sama tagi og í þeim löndum sem nota hernaðarmátt sinn til árása, með þeirri leynd og þeirri ólýðræðislegu ákvarðanatöku sem slíkum stofnunum fylgir ævinlega. Ekki þarf heldur að efast um að heræfingar við landið, á því og yfir munu aukast sem bein afleiðing þessa, með tilheyrandi óþægindum, kostnaði og hættu á umhverfisspjöllum.

Flokksráðsfundurinn bendir á að útgjöld til hermála, í fjárlögum og fjárukalögum og í tengslum við auknar heræfingar, rekstur Ratsjárstofnunar og stofnun Varnarmálastofnunar, verða nú talin í milljörðum króna en ekki milljónum. Í stað þess að stofna til stórfelldra útgjalda til hernaðartengdra verkefna sem ekki hefur verið sýnt fram á að nokkur þörf sé fyrir, telur fundurinn að efla eigi innlendar borgaralegar stofnanir á sviði löggæslu, landhelgisgæslu og almannavarna, auk þess að búa betur að ómetanlegu starfi björgunarsveita.

Fundurinn mótmælir sérstaklega blöndun borgaralegrar friðargæslu og aðgerða á hernaðarlegum forsendum á vegum NATO og styður framkomnar tillögur á Alþingi um að íslenskur liðsafla verði kallaður heim frá Afganistan. Loks varar fundurinn við öllum áformum um að framlögum Íslands og verkefnum á sviði þróunarsamvinnu verði blandað saman við aðra og óskylda þætti okkar utanríkisstefnu og pólitíska og viðskiptalega hagsmuni. Vinstrihreyfingin – grænt framboð mun hér eftir sem hingað til berjast fyrir því að mannúðar- og þróunaraðstoð Íslendinga verði stóraukin á sjálfstæðum, faglegum og alfarið borgaralegum forsendum.

Fundurinn ítrekar þá kröfu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að tækifærið sem felst í brottför bandaríska hersins eigi að nýta til að móta nýja og sjálfstæða stefnu í utanríkismálum þar sem áhersla yrði lögð á friðsamlega samvinnu þjóða og baráttu fyrir mannréttindum og alþjóðlegu félagslegu réttlæti. Vinstrihreyfingin – grænt framboð ítrekar kröfu sína um að Ísland gangi úr NATO og standi utan hernaðarbandalaga.

Ályktun flokksráðs um sjávarútveg og mótvægisáðgerðir 23.02.2008

Flokksráðfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík dagana 22.-23. febrúar 2008, lýsir yfir miklum áhyggjum vegna þeirra áfalla sem dunið hafa yfir í sjávarútveginum undanfarin misseri og afleiðingum þeirra.

Niðurskurður þorskveiða um þriðjung á yfirstandandi fiskveiðiári auk loðnuveiðibanns mun hafa gífurleg áhrif á landsmenn alla, sér í lagi sjómenn og fiskverkafólk, auk þess sem útgerðir og fjölmargar sjávarbyggðir allt í kringum landið hafa þegar orðið fyrir miklum búsifjum.

Svokallaðar mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar þorskveiða, sem seint um síðir litu dagsins ljós sl. haust, eru ómarkvissar og koma ekki til með að gagnast þeim sem fyrir mestu áfalli hafa orðið nema að litlu leyti. Er þar nærtækast að nefna sjómenn sjálfa sem auðvitað verða öllu öðrum fremur fyrir tekjutapi og búa við mikla óvissu hvað varðar atvinnu og framtíðarhorfur. Ef við bætist að loðnuvertíðin bregst nú að mestu eða öllu leyti er ástandið orðið svo alvarlegt að óumflýjanlegt er að grípa strax til ráðstafana í sjávarútvegsmálum og leggja jafnframt grunn að heildarendurskoðun fiskveiðistjórnunar.

Í öllum tilraunum til mótvægis þarf að huga að samþættingu jafnréttissjónarmiða. Meðan mikið er fjallað um erfiðleika útgerðarinnar er vart minnst á þann fjölda kvenna sem missir vinnu í landi. Smávægilegir styrkir sem þó eru veittir til atvinnusköpunar kvenna blikna í samanburði við þá fjármuni sem fara í mótvægisáðgerðirnar. Vinstri græn krefjast þess að hagsmunir og aðstæður beggja kynja liggi til grundvallar öllum aðgerðum ríkisstjórnarinnar á þessum vettvangi sem öðrum.

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs skorar á ríkisstjórnina að bregðast ekki skyldu sinni við þessar alvarlegu aðstæður og efna til víðtæks, þverpólitískts samráðs um ráðstafanir til að sigla þjóðarskútunni í gegnum þá erfiðleika sem nú blasa við af þessum sökum.

Ályktun flokksráðs um sveitarfélögin – grundvöll samfélagsins 10.10.2008

Í því uppnámi sem skapast hefur við hrun bankanna á Íslandi er hlutverk sveitarfélaganna enn mikilvægara en ella. Sveitarfélögin standa vörð um grunnþjónustu við landsmenn og eru jafnframt ein meginstoð samfélagsins. Nú er algjört forgangsmál að tryggja stöðu sveitarfélaganna til að almenningur geti treyst á þá velferðarþjónustu sem þau veita. Starfsfólk sveitarfélaganna sinnir mikilvægum störfum við mjög krefjandi aðstæður og er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að það njóti góðra starfsskilyrða. Hagur barna og ungmenna er sérstakt viðfangsefni sveitarfélaganna og ætti alls staðar að njóta sérstakrar áherslu.

Til að ríkisstjórnin geti staðið við fyrirheit sín um að gætt verði að hagsmunum almennings í því ástandi sem nú er uppi þarf að eiga öflugt samráð við sveitarfélögin og tryggja þeim rekstrargrundvöll. Í því efni þarf sérstaklega að styrkja og efla velferðarþjónustuna og skólakerfið og tryggja samfélagslegt eignarhald á grunnstoðum þjóðfélagsins. Þjóðin þarf á því að halda.

Ályktun flokksráðs um sveitastjórnarmál 07.12.2008

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, haldinn 7. desember 2008 á Grand Hótel, telur það vera sameiginlegt verkefni hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, að standa vörð um hag almennings. Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki í endurmótun samfélagsins og mikilvægi þeirra við uppbyggingu og endurmat er ótvírætt í samstarfi við íbúa, félagasamtök og hagsmunaaðila. Þau standa íbúunum næst og sinna verkefnum á sviði velferðar og menntunar. Sérstaklega þarf að styrkja og efla sveitarfélögin við þau skilyrði sem nú eru uppi.

Mikilvægt er að löggjafinn tryggi Lánasjóði sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fé til að lána sveitarfélögum til rekstrar við þær sérstöku aðstæður sem nú ríkja. Þó verði jafnframt tryggt að rekstur sveitarfélaga verði lagaður að þeim aðstæðum sem skapast hafa þannig að Lánasjóðurinn komist ekki í þrot.

Það er skýlaus krafa sveitarstjórnarráðs Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að við mótun efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar verði hagsmunir sveitarfélaganna hafðir í forgangi.

Ályktun flokksráðs um ríkisstjórnarþátttöku 27.01.2009

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 27. janúar 2009, lýsir yfir stuðningi við þátttöku þingflokksins í yfirstandandi stjórnarmyndunarviðræðum og vonar að þær verði leiddar til lykta með farsælum hætti.

Sumarferðir

Sú venja hefur skapast í starfi flokksins að ár hvert er skipulögð sumarferð þar sem félögum er boðið upp á ódýra en áhugaverða skoðunarferð sem gjarnan tengist einhverju því verkefni sem er ofarlega í huga stuðningsmanna flokksins hverju sinni.

Sumarið 2007 - Þjórsá

Sumarið 2008 - Eyvindarstaðaheiði

Sumarferð Vinstri grænna árið 2007 var farin 1. september í tengslum við flokksráðsfund á Hótel Flúðum. Um var að ræða dagsferð meðfram bökkum Þjórsár undir leiðsögn Bjargar Evu Erlendsdóttur, heimamanns og Gnúpverja. Ferðin var skipulögð sem fjölskylduferð en hraðskreiðir fjallagarpar fengu einnig eitthvað fyrir sinn snúð, auk þess sem nokkrir slógust í hópinn á hestum. Eftir um sex klukkustunda þægilega göngu var grillað saman við sumarhús Steingríms J. Sigfússonar og Bergnýjar Marvinsdóttur. Gönguferðin og kvöldmaturinn var í boði Vinstri grænna en göngugarpar tóku með sér staðgott nesti í ferðina.

Sumarferðin árið 2008 var farin í Norðvesturkjördæmi, nánar tiltekið á Eyvindarstaðaheiði nálægt Blöndulóni. Komið var saman við fjallaskála að Galtará þann 21. júní og boðið upp á grill og skemmtun í góðum félagsskap. Sumir félagar gistu í skálanum um nóttina en aðrir tjölduðu og þótti ferðin sérlega vel heppnuð.

Ung vinstri græn (UVG)

Ung vinstri græn hafa staðið fyrir fjölbreyttu og metnaðarfullu starfi þau tvö ár sem liðin eru frá því að þau gáfu seinast skýrslu um starfsemi sína á landsfundi vorið 2007. Þetta vor tók UVG virkan þátt í kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningar. Ung vinstri græn gáfu m.a. út mál gagn sem bar heitið *Vinstri*, stóðu fyrir fundum, héldu tónleika, framleiddu boli, tóku þátt í kröfugöngu 1. maí, sendu frá sér ályktanir og skrifuðu greinar. Einnig framleiddu ungliðar eigin barmmerki sem hlutu mikla athygli og vinsældir, enda er viðvarandi vandamál að barmmerkjalager hreyfingarinnar er alltaf tómur vegna mikillrar eftirspurnar. Í aðdraganda kosninga voru tvö ný svæðisfélög UVG sett á laggirnar, á Suðurlandi og í Hafnarfirði og nágrenni. Stjórn UVG skipuðu á þessum tíma Auður Lilja Erlingsdóttir formaður, Elías Jón Guðjónsson varaformaður, Steinunn Rögnvaldsdóttir ritari, Kári Páll Óskarsson gjaldkeri, og meðstjórnendurnir Emil Hjörvar Petersen, Erlendur Jónsson, Sverrir Aðalsteinn Jónsson, Þórhildur Halla Jónsdóttir og Þórunn Ólafsdóttir. Varamenn voru Andrés Rúnar Ingason, Björn Reynir Halldórsson og Brynja Björg Halldórsdóttir.

Haustið eftir kosningar héldu Ung vinstri græn landsfund sinn í Reykjavík þar sem ný stjórn var kjörin. Hana skipuðu Auður Lilja Erlingsdóttir formaður, Elías Jón Guðjónsson varaformaður, Steinunn Rögnvaldsdóttir ritari, Erlendur Jónsson

gjaldkeri, og meðstjórnendurnir Andrés Rúnar Ingason, Finnur Dellsén, Kristján Ketill Stefánsson, Þórhildur Halla Jónsdóttir og Þórunn Ólafsdóttir. Varamenn voru Daníel Haukur Arnarson, Katrín Lilja Jónsdóttir og Kári Páll Óskarsson. Við það tækifæri boðaði UVG til friðsamlegra mótmæla við Laugardagshöll vegna NATO-fundar sem þar fór fram sömu helgi og landsfundur UVG. Á fundinum var samþykkt stefnuyfirlýsing Ungra vinstri grænna, en UVG varð þá fyrsta ungliðahreyfingin á Íslandi til að setja fram eigin stefnuyfirlýsingu.

Veturinn sem við tók var annasamur hjá UVG. Reglulegt starf byggðist upp á fundum, ályktunum og greinaskrifum, en UVG tók sér ýmislegt annað fyrir hendur, t.d. mótmæltu ruglinu í Reykjavík þegar Sjálfstæðismenn mynduðu meirihluta með Ólafi F. Magnússyni, héldu stjórnálaskóla á Egilsstöðum, á Akureyri og í Kraganum, gáfu út málgagn sitt undir nýju nafni, *Íllgresi*, og héldu stóra tónleika í Reykjavík sem báru yfirskriftina *Komdú sleik, ekki stríðsleik*. Þá gaf UVG út dreifildi um varnarmálafrumvarp utanríkisráðherra sem hreyfingin mótmælti mjög, og sendi forsætisráðherra og utanríkisráðherra leiðbeiningar um hvernig ætti að komast á og frá hermálafrumfundum í Rúmeníu án rándýrrar einkaþotu – og bættu við að betur væri heima setið en af stað farið. Ung vinstri græn tóku þátt í alþjóðsamstarfi í tvennum samtökum, Socialistisk ungdom i Norden og European network of democratic young left. Aðalfundir voru haldnir í svæðisfélögum á Akureyri og Austurlandi og nýtt svæðisfélag stofnað á Reykjanesi. Svæðisfélögin á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð í eitt félag, Ung vinstri græn á höfuðborgarsvæðinu.

Haustið 2008 héldu Ung vinstri græn landsfund sinn á Akureyri. Kosin var ný stjórn sem starfar í dag og hana skipa Steinunn Rögnvaldsdóttir formaður, Jan Eric Jessen varaformaður, Þórhildur Halla Jónsdóttir ritari, Erlendur Jónsson gjaldkeri, og meðastjórnendurnir Andrés Rúnar Ingason, Bjarni Þóroddsson, Guðrún Axfjörð Elínardóttir, Katrín Pálmadóttir og Tómas Gabríel Benjamin. Varamenn eru Sveinn Harðarson, Þórir Ingvarsson og Þórunn Rögnvaldsdóttir. Á fundinum var samþykkt Sparnaðaráætlun UVG þar sem að Ung vinstri græn kynntu tillögur sínar að því hvar sé best að spara í opinberum rekstri án þess að það bitni á grunnþjónustu. M.a. var lagt til að Varnarmálastofnun og Sjúkratryggingarstofnun yrðu lagðar niður, ríki og kirkja aðskilin og Ísland segði skilið við NATO.

Það sem af er vetrar hefur UVG haldið uppi virku starfi með fjölmörgum opnum fundum, vídjókvöldum og öðrum atburðum, auk þess að skrifa greinar og senda frá sér ályktanir. Haldnir voru aðalfundir að hausti hjá svæðisfélögunum á Akureyri, höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi, auk þess sem að félagið á Suðurlandi var endurvakið. Þá hafa Ung vinstri græn tekið virkan þátt í friðsömum mótmælum frá hrúni bankanna og fram að stjórnarskiptum, með sín eigin skilti, barmmerki og kröfugerðir og vakið mikla athygli. UVG hefur nú eignast eigin aðstöðu á Suðurgötu 3 en hreyfingin fékk kjallarann þar til sinna afnota og innrétaði hann fyrir sína starfsemi. Í janúar tók UVG við gesti frá norskum systursamtökum sínum, *Sosialistisk Ungdom*, sem tókst mjög vel og stendur hugur hreyfinganna til frekara samstarfs. Í vikunni fyrir landsfund var tekin í notkun ný og glæsileg heimasíða Ungra vinstri grænna, vinstri.is, og mun hún nýtast vel í starfinu og ekki síst í þeirri kosningabaráttu sem nú er fram undan. Ung vinstri græn vinna nú að skipulagningu kosningabaráttu sinnar sem rekin verður samhliða kosningabaráttu móðurflokksins en mun fyrst og fremst beinast að ungum kjósendum.

Eldri vinstri græn (EVG)

Á haustdögum 2005 var ákveðið að gera tilraun til að mynda hóp eldri borgara sem væru félagar eða stuðningsmenn VG. Varð að ráði að eftirtaldir félagar tækju að sér að skipuleggja fyrsta fundinn. Guðrún Hallgrímsdóttir, Gunnar Guttormsson, Jónsteinn Haraldsson, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Sveinn Jóhannsson og Sjöfn Ingólfssdóttir.

Hópurinn ákvað að halda fyrsta fund sinn 7. desember 2005. Var hann haldinn í húsakynnum eldri borgara að Stangarhyl 4. Fundurinn tókst vel enda var fyrsta dagskrárefnið gönguferð formannsins frá Reykjanestá að Langanestá. Fundinn sóttu yfir sjötíu manns og var það framar öllum vonum.

Síðan þá hefur starf Eldri vinstri grænna blómstrað og óhætt að segja að samkomur þeirra séu með þeim hressilegri og skemmtilegri í starfi flokksins. Margt er ævinlega um manninn á reglulegum fundum EVG og jafnan eru fjölbreyttir fyrirlestrar. Af gestum og fyrirlesurum undanfarinna tveggja ára má m.a. nefna Hallveigu Thorlacius brúðuleikara sem spjallaði um heim þeirra sem halda í spottana á leiksýningum. Pétur Gunnarsson rithöfundur hafði uppi óábyrgja þanka um efnahagsmál, Ármann Jakobsson um Múrbrot, Hjörleifur Guttormsson um annes og eyjar fyrir Austfjörðum, Auður Hildur Hákonardóttir um Blálandsdrottningu og kartöflur og Árni Björnsson um nostralgísk gamanmál, og ýmsir aðrir. Þá hafa fjölmargir tónlistarmenn stigið á stökk á fundunum enda Eldri vinstri græn söngelsk með afbrigðum. Kaffi, kleinur, spjall og söngur hefur frá upphafi verið órjúfanlegur hluti af góðu kvöldu hjá eldri vinstri grænum.

Vinstri græn á netinu

Heimasíða Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, www.vg.is, er mikilvæg samskiptaleið fyrir þá sem vilja fylgjast með starfi flokksins og því sem efst er á baugi hverju sinni. Á heimasíðunni er að finna fréttir og greinar, upplýsingar um lög flokksins, skipulag hans og stefnu. Netvæddir félagar hafa svo úr ýmsu að móða þar sem fjallað er um þau málefni sem helst brenna á okkur. VG reið einnig á vaðið með gerð Jútjúb-myndbanda á netinu, en tvö slík voru gerð og fengu gott áhorf. Þrír þingmanna VG hafa eigin heimasíður, þau Ögmundur Jónasson www.ogmundur.is, Kolbrún Halldórsdóttir www.althingi.is/kolbrun og Katrín Jakobsdóttir www.katrinjakobsdottir.is. Þá eru þingmennirnir Árni Þór Sigfússon og Jón Bjarnason með bloggsíður, www.arnith.blog.is og www.jonbjarnason.blog.is. Veffang Ungra Vinstri grænna er www.vinstri.is þar sem finna má upplýsingar um starf ungliðanna, hugmyndafræði, greinar o.s.frv. Vinstri græn í Reykjavík eru með heimasíðu www.reykjavik.vg og þau halda einnig úti vefritinu www.vg.is/postur og sækja greinar í greipar vinstrigrænna víðs vegar um landið. Vinstri græn í Skagafirði halda einnig úti öflugri heimasíðu www.skagafjordur.com/vg. Umræðutorgið var lagt niður vegna breytinga á hýsingu en stofnaður var nýr vettvangur á vefsvæði yahoo.com undir heitinu Vinstrigræn. Vonir standa til að þar verði jafn líflegar umræður og voru á torginu.

Kosningar 2007

Vinstrihreyfingin - grænt framboð bauð fram V-lista í öllum kjördæmum og fékk 26.136 atkvæði í kosningunum 12. maí 2007 eða 14,3% atkvæða. Flokkurinn náði

þeim merka áfanga í kosningunum að ná þingmönnum kjörnum í öllum kjördæmum en fyrir voru engir þingmenn í Suðurkjördæmi og Suðvesturkjördæmi.

Árangur V-listaframboðanna er þessi:

Kjördæmi	Atkvæði	Hlutfall	Þingmenn
Norðvesturkjördæmi	2.855	16,%	Jón Bjarnason
Norðausturkjördæmi	4.558	19,6%	Steingrímur J. Sigfússon og Þuríður Backman
Suðurkjördæmi	2.498	9,9%	Atli Gíslason
Suðvesturkjördæmi	5.232	11,6%	Ögmundur Jónasson
Reykjavíkurborg kjördæmi suður	5.065	14,4%	Kolbrún Halldórsdóttir og Álfheiður Ingadóttir
Reykjavíkurborg kjördæmi norður	5.928	16,9%	Katrín Jakobsdóttir og Árni Þór Sigurðsson

Miðlæg kjörstjórn

Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2006 samþykkti stjórn að koma á miðlægri kjörstjórn sem hefði yfirsýn yfir allt landið og gæti miðlað upplýsingum hratt og örugglega milli svæða.

Stjórnin samþykkti að endurtaka leikinn fyrir alþingiskosningarnar 2007 og var tilnefninga leitað á haustdögum 2006. Kjörstjórnin var svo skipuð fyrir kosningarnar 2007: Svanhildur Kaaber (RVK), Úlfar Þormóðsson (RVK), Sigurlaug Konráðsdóttir (NV), Bjarkey Gunnarsdóttir (NA), Alma Lía Jóhannsdóttir (S), Guðný Dóra Gestsdóttir (SV), Erlendur Jónsson (UVG) og Katrín Jakobsdóttir var skipuð af stjórn VG. Að fenginni reynslu gera áætlanir ráð fyrir minni framlögum til ákveðinna kjördæma en meira svigrúmi miðlægrar kjörstjórnar.

Miðlæg kjörstjórn hefur verið skipuð fyrir boðaðar alþingiskosningar 25. apríl nk. og hana skipa: Bjarkey Gunnarsdóttir (NA), Erlendur Jónsson (UVG), Gestur Svavarsson (SV), Heimir Björn Janusarson (RVK), Sjöfn Ingólfssdóttir (RVK), Þórunn Friðriksdóttir (SU), Sigurlaug Kr. Konráðsdóttir og Katrín Jakobsdóttir skipuð af stjórn VG. Sem starfsmenn sitja í miðlægri kjörstjórn þau Finnur Dellsén, Huginn Freyr Þorsteinsson, Drífa Snædal og Lía Kristjánsdóttir.

Ríkisstjórnarsamstarf

Á 10 ára afmælisári flokksins urðu þau merku tímamót að Vinstrihreyfingin – grænt framboð tók sæti í ríkisstjórn. Ríkisstjórn Vinstrigrænna og Samfylkingar tók við völdum í landinu við afar erfiðar aðstæður, en gríðarleg mótmælaalda reið yfir landið eftir hrun fjármálakerfisins og stigmagnaðist í upphafi nýs árs. Mikið hefur mætt á þingflokki VG frá ríkisstjórnarskiptum, en við ráðherraembætti tóku þau Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra og Kolbrún Halldórsdóttir umhverfisráðherra. Ríkisstjórnin hefur á stuttum tíma sent frá sér fjölmörg þingmál og þingmenn flokksins hafa tekið sæti í fleiri þingnefndum en áður og leidda starf þeirra. Við ríkisstjórnarskiptin var kjörin ný stjórn þingflokks og hana skipa Jón Bjarnason þingflokksformaður, Álfheiður Ingadóttir varaformaður og Atli Gíslason ritari. Atli Gíslason er formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar,

varaformaður umhverfisnefndar og situr auk þess í félags- og tryggingamálanefnd. Álfheiður Ingadóttir er formaður viðskiptanefndar, varaformaður allsherjarnefndar, varaformaður iðnaðarnefndar og situr auk þess í heilbrigðisnefnd. Árni Þór Sigurðsson er formaður utanríkismálanefndar, varaformaður efnahags- og skattanefndar, varaformaður samgöngunefndar og situr auk þess í allsherjarnefnd. Jón Bjarnason er varaformaður fjárlaganefndar og situr auk þess í efnahags- og skattanefnd. Þuríður Backman er formaður heilbrigðisnefndar, varaformaður félags- og tryggingamálanefndar og varaformaður menntamálanefndar.

Það er einbeittur ásetningur VG að halda rauðgrænu ríkisstjórnarsamstarfi áfram að loknum komandi alþingiskosningum og fylla nefndir þingsins með enn fleiri þingmönnum VG.